

frá 15. maí 1966 að fullu í verðaukningu skips síns, svo sem greint hefur verið frá.

Þykir því þegar af þeirri ástæðu bera að sýkna þrotabú Stálskipasmiðjunnar h/f af kröfum sóknaraðilja.

Eftir atvikum, sérstaklega með tilliti til hins mikla vafa, sem telja má um úrslit deiluefnis í máli þessu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktunarorð:

Þrotabú Stálskipasmiðjunnar h/f skal vera sýknt af kröfu sóknaraðilja, Hafsteins Jóhannssonar, í máli þessu um forgangsrétt á kr. 285.194.88, en sú fjárhæð skal njóta sama réttar og aðrar viðurkenndar kröfur sóknaraðilja í þrotabúið, þ. e. sem almenn krafa.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 112/1969. **Valdstjórnin**

gegn

Sveinbirni Gíslasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1969, er barst dóminum 12. júní 1969, og krafizt þess, að úrskurður sakadóms verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi. Þá krefst varnaraðili og kærumálskostnaðar.

Eins og sakarefni og sönnunaratríðum máls er háttað, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1969.

Ár 1969, mánudaginn 2. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í gömlu bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Snemma að morgni 18. janúar 1968 fannst Gunnar Sigurður Tryggvason leigubifreiðarstjóri, Kambsvegi 8 hér í borg, látinn í bifreið sinni, R 461, á Laugalæk hér í borginni af völdum skotsárs hægra megin í hnakka. Í bifreiðinni fannst skothylki og leiddi rannsókn rannsóknarlögreglunnar til þess álits, að kúlunni hefði verið skotið úr skammybyssu af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35. Eru þær byssur nú mjög sjaldgæfar. Hér á landi er aðeins vitað um, að ein slík byssa hafi verið til. Hafði eigandi hennar, Jóhannes heitinn Jósefsson, fyrrum eigandi Hótel Borgar, haft hana með sér frá Ameríku hingað til lands, líklega árið 1927, en árið 1965 hafði hann tilkynnt til lögreglunnar hvarf byssunnar.

Kærði Sveinbjörn Gíslason bifreiðarstjóri, Sækambi á Seltjarnarnesi, ók leigubifreiðinni R 15612 frá Bæjarleiðum hér í borg fyrir þau hjónin Hallgrím Aðalbjarnarson og Lofteyju Káradóttur, Freyjugötu 25 hér í borg, frá því í maí 1967 þar til 6. marz s.l., en þann dag tóku þau hjónin bifreiðina af honum fyrirvaralaust. Síðar sama dag fundu þeir Hallgrímur og Snæbjörn Magnússon, Hólmgarði 46 hér í borg, skammybyssu, fullhlaðna 7 skotum, í læstu mælaborði bifreiðarinnar, þegar þeir voru að taka til þar. Var þetta byssa af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35.

Sérfræðingur hjá alríkislögreglunni (FBI) í Bandaríkjunum hefur rannsakað byssu þessa og skothylkið, sem fannst í bifreiðinni R 461. Telur hann, að skothylkinu hafi verið skotið úr byssu þessari.

Hinn 7. marz s.l. var gerð húsleit á heimili kærða Sveinbjörns, og fannst þá læstur peningakassi þar á stigapalli. Reyndust vera í honum meðal annars tvö skot. Var annað þeirra skammybyssuskot Smith & Wesson, cal. 35, eða af sömu gerð og skot þau, sem voru í fyrrgreindri byssu, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612.

Lárus Salómonsson lögreglumaður hefur borið það, að Jóhannes Jósefsson hafi sagt honum, að hann hefði ekki skotið úr fyrrgreindri skammybyssu sinni í mörg ár, og minnir hann, að Jóhann-

es segðist ekki hafa skotið úr henni síðan á árinu 1937. Þegar Jóhannes tilkynnti honum um hvarf byssunnar árið 1965, hefði hann haft orð á því, að til lítils væri að slægjast eftir þessari byssu, því að skot væru ekki til í hana.

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, hefur skýrt frá því, að aðeins 8.350 stykki hafi verið framleidd af þessari byssutegund og stærð og að framleiðslu á þeim hafi verið hætt árið 1921. Skot í byssu þessa, sem sé amerísk, hafi verið framleidd á árunum 1913 til 1940, en skotið, sem varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, muni hafa verið framleitt fyrir árið 1926.

Hinn 15. febrúar 1968 leituðu þeir Njörður Snæhólm og Lárus Fjeldsted Salómonsson með samþykki Jóhannesar heitins á heimili hans að Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi, að skammbyssuskotum að stærð cal. 35. Fundu þeir í kössum þar í kjallaranum um 130 slík skot, en daginn áður hafði Lárus Fjeldsted fundið 12 slík skot í veiðitösku Jóhannesar í kjallaranum.

Kærði Sveinbjörn var handtekinn þegar eftir fund byssunnar í bifreiðinni R 15612 7. marz s.l. Hafði hann þá lyklakippu sína í vasanum, og reyndist einn lykillinn á henni ganga að læsingu útidyráðurðar Tjarnarstígs 8.

Kærði Sveinbjörn hefur eindregið neitað því að hafa orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana eða verið nokkuð riðinn við þann verksað eða að hafa hugmynd um, hver hefur framið hann. Enn fremur hefur hann neitað því að hafa tekið byssuna, sem fannst í bifreiðinni R 15612, eða nokkur skot frá Jóhannesi Jósefssyni, en hann vann hjá Jóhannesi á árunum 1936—1960 og frá 1946 sem einkabifreiðarstjóri hans. Kærði Sveinbjörn kveðst dag einn rétt eftir miðjan janúar s.l. hafa verið að hreinsa bifreiðina 15612 fyrir utan heimili sitt og þá fundið skammbyssuna fullhlaðna undir hægra framsæti bifreiðarinnar. Hann hafi látið byssuna í mælaborðið, læst því og síðan hafi hann ekki hreyft við henni þar. Hann hafi ekki tilkynnt lögreglunni um byssuna og engum sagt frá henni. Þá kveður hann, að skot hafi ekki átt að vera í peningakassanum, sem hann átti á stigapallinum á heimili sínu, og geti hann ekkert sagt um, hvers vegna fyrrgreint skammbyssuskot var þar. Hann hefur heldur ekki gert grein fyrir því, hvers vegna hann hafði í fórum sínum lykil, sem gekk að útidyráðurð að húsi því, sem Jóhannes Jósefsson átti heima í.

Rannsókn máls þessa hefur síðan 21. marz s.l. farið fram bæði

í sakadómi og utan dóms, þar sem rannsóknarlögreglumenn hafa unnið við einstaka þætti eftir ákvörðun dómara. Hefur verið unnið þrotlaust að rannsókn málsins, og er hún orðin bæði umfangsmikil og margþætt, en mikið rannsóknarstarf er þó eftir.

Rannsókn hefur farið fram á akstursvenjum og vinnutilhögum kærða Sveinbjörns við akstur bifreiðarinnar R 15612, en þeirri rannsókn er ekki lokið.

Reynt hefur verið að afla upplýsinga um, hvar kærði Sveinbjörn var aðfaranótt og að morgni 18. janúar 1968, og að sannreyna sögn hans þar um, en margt í því efni er enn ókannað.

Rannsóknarlögreglumennirnir Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson telja, að pinnafor séu í fjórum af þeim skotum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, svo og í hvellettum skothylkisins, sem fannst í bifreiðinni R 461. Séu möguleikar á því, að för þessi séu eftir pinnann í Mauser skammbyssu þeirri, sem kærði Sveinbjörn kveðst hafa átt frá því um árið 1950, þar til hann seldi hana á árunum 1963—1966, en byssa þessi hefur verið lögð fram í málinu. Frekari rannsókn þessara atriða hefur enn ekki farið fram og yrði að framkvæma hana erlendis.

Rannsókn á einhverjum tengslum eða samskiptum milli Gunnars Sigurðar Tryggvasonar og kærða Sveinbjörns er enn aðeins skammt á veg komin utan dóms.

Óhjákvæmileg rannsókn á fjármálum kærða Sveinbjörns er enn aðeins á byrjunarstigi utan dóms.

Það þarf því að yfirheyra mörg vitni í málinu og ef til vill samprófa þau við kærða Sveinbjörn svo og að afla margvíslegra skjala og annarra sakargagna og bera þau undir hann.

Jafnframt þykja mörg atvik, sem fram hafa komið í málinu, vekja rökstuddar grunsemdir um, að kærði Sveinbjörn hafi annað hvort sjálfur orðið valdur að dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða þá verið hlutdeildarmaður í þeim verknaði.

Hinn 8. marz s.l. var kærði Sveinbjörn úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 30 daga. Hinn 5. apríl s.l. var úrskurðurinn framlengdur í allt að 8 vikur, og rennur sá tími út í dag kl. 1805.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með tilvísun til 67. gr., 1. mgr., 1. og 4. tölulið, laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhalds-vist kærða Sveinbjörns um allt að 8 vikum frá lokum varðhalds-vistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 5. apríl s.l., eða til mánu-dagsins 28. júlí næstkomandi kl. 1805.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Sveinbjörns Gíslasonar, fram-
lengist um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans
samkvæmt úrskurði, uppkveðnum 5. apríl s.l., eða til mánu-
dagsins 28. júlí næstkomandi kl. 1805.

Miðvikudaginn 18. júní 1969.

Nr. 150/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jóhannesi Gíslasyni

(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárdráttur. Skjalafals. Brot í opinberu starfi. Frávísun
skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði í héraði Magnús Helgi Kristjánsson andaðist 1.
október 1968. Tekur áfrýjun málsins því einungis til ákærða,
Jóhannesar Gíslasonar.

Brot ákærða eru í héraðsdómi færð til rétttra refsíákvæða,
og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 1 ár.

Eigi er í ljós leitt, að hve miklu leyti misferli ákærða hefur
valdið Landssmiðjunni tjóni og að hve miklu leyti það hefur
valdið viðskiptamönnum hennar tjóni. Ber því að visa skaða-
bótakröfu Landssmiðjunnar frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta, að
því er ákærða varðar.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin
saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000.00, og laun verjanda
sins, kr. 80.000.00.